

Reykholt í Þjórsárdal – Breytingar á uppbyggingu hótels og baðstaðar

Ákvörðun um matsskyldu

1 Inngangur

Þann 5. maí 2023 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Eflu verkfræðistofu, f.h. Rauðukamba ehf., um uppbyggingu hótels og baðstaðar í Reykholti, Þjórsárdal samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 12.04 og 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Minjastofnunar Íslands, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar.

2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Reykholt í Þjórsárdal – Uppbygging hótels og baðstaðar. Greinargerð með tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu. Maí 2023.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Skeiða- og Gnúpverjahreppi þann 14. júní 2023
- Minjastofnun Íslands þann 27. júlí 2023
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands þann 16. júní 2023
- Náttúrufræðistofnun Íslands þann 15. júní 2023
- Umhverfisstofnun þann 22. júní og 21. júlí 2023
- Vegagerðinni þann 7. júní 2023

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 7. og 31. júlí 2023. Skipulagsstofnun sendi svör framkvæmdaraðila við fyrri umsögn Umhverfisstofnunar og óskaði eftir frekari umsögn þann 10. júlí 2023. Svör við umsögninni bárust þann 28. júlí 2023.

3 Fyrirhuguð framkvæmd

Forsaga

Árið 2018 var framkvæmdin tilkynnt til Skipulagsstofnunar sem gaf út ákvörðun um matsskyldu í apríl 2019 og var það niðurstaða stofnunarinnar að fyrirhuguð framkvæmd væri ekki matsskyld. Unnið hafði verið deiliskipulag fyrir Reykholt í Þjórsárdal sem búið var að samþykkja en því var breytt árið 2022 og öðlaðist gildi í mars 2023. Umhverfisstofnun var einn umsagnaraðila um deiliskipulagsbreytinguna og benti stofnunin á að svæðið hafi verið friðlýst árið 2020. Taldi Umhverfisstofnun mögulegt að deiliskipulagsbreytingarnar kölluðu á nýja matsskyldufyrirspurn þar sem ákveðnar breytingar höfðu verið gerðar á framkvæmdinni. Niðurstaða málsmeðferðar Skipulagsstofnunar var sú að deiliskipulagsbreytingin gæti tekið gildi en vinna þyrfti nýja matsskyldufyrirspurn vegna breytinga á framkvæmdunum skv. nýju deiliskipulagi. Í matsskylduferlinu 2018-2019 var gert ráð fyrir uppbyggingu hótels og baðstaðar á svæði A í Reykholti við fjallið Rauðukamba. Hins vegar var um að ræða tengda framkvæmd, þar sem um er



að ræða svæði fyrir bílastæði og til gestamóttöku við Þjórsárdalsveg, svæði B. Með staðsetningu gestamóttöku og bílastæða fjarri svæði A var stefnt að því að draga úr umferð inn dalinn og minnka umfang framkvæmda við í Reykholti. Skv. nýju deiliskipulagi er til skoðunar önnur staðsetning á þjónustusvæði sem verður við Selhöfða en þar er jafnframt gert ráð fyrir ýmissi annarri uppbyggingu fyrir ferðamenn sem tengist ekki uppbyggingu hótels og baðstaðar í Reykholti. Þjónustumiðstöðinni þar er ætlað að þjóna Þjórsárdal öllum með upplýsingagjöf og sem áningarstað og þar er áætluð ýmis þjónusta, m.a. upplýsingamiðstöð fyrir Þjórsárdal og hálendið, gestastofa, veitingastaður, hestaleiga auk fyrrnefndrar móttöku gesta fyrir Fjallaböðin við Rauðukamba.

Í þessari matsskylduákvörðun eru einungis til umfjöllunar þær breytingar sem orðið hafa á framkvæmdum á svæði A í Reykholti frá því sem gert var ráð fyrir og fjallað var um í matsskylduferlinu 2018-2019 og tekin afstaða til hugsanlegra áhrifa þessara breytinga á mismunandi umhverfisþætti. Ekki eru fyrirhugaðar breytingar á svæði B sem er við Þjórsárdalsveg og núverandi aðkomuveg að Reykholti frá því sem gert var ráð fyrir í fyrra ferli. Samkvæmt breytingu á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 sem hefur tekið gildi hefur þjónustusvæði B verið fellt út úr skipulaginu og í þess stað gert ráð fyrir ofangreindri gestamóttöku á umræddu þjónustusvæði við Selhöfða. Ef ráðist verður í uppbyggingu gestastofu/þjónustumiðstöðvar og annarrar þjónustu skv. því sem kemur fram hér að framan fyrir Þjórsárdal auk smáhýsa og tjaldsvæða við Selhöfða auk breyttrar aðkomu að Reykholti kann sú framkvæmd að vera þess eðlis að hún kalli á málsmeðferð skv. lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Breytingar

Fyrirhugaðar breytingar á uppbyggingu á svæði A í Reykholti felast í að byggingarmagn er aukið um 500 m² úr 5.000 í 5.500 m². Hins vegar er gert ráð fyrir að hæð bygginga lækki því eingöngu er reiknað með þremur stöllum í sneiðingu inn í Rauðukamba í stað fimm auk þess sem stærra hlutfall bygginga verður grafið inn í fjallið miðað við fyrri áform. Þá er áætlað að baðlón geti verið allt að 1.000 m² í stað 450-500 m² en hluti þeirra verður undir þaki, eða um 300 m² og því lítt sýnilegur utan frá. Í fyrri málsmeðferð var gert ráð fyrir að nýta afrennsli jarðhitavatns úr Rauðukambahver til upphitunar á lónum en ekki var talið gerlegt að nýta yfirborðsafrennsli úr hvernum og því skáborað eftir heitu vatni inn undir hverinn árið 2022 eftir að framkvæmdaleyfi fyrir boruninni var gefið út. Með borun fæst heitara vatn en með upptöku á yfirborðskældu hveravatni. Með heitara vatni fæst meiri varmi úr hverjum lítra og því minnkar upptaka hveravatnsins umtalsvert með borun.

Skv. fyrri áformum var gert ráð fyrir að veita vatni úr lóni í læk sem notaður hefur verið fyrir affall úr gömlu Þjórsárdalslauginni. Ný áform gera ráð fyrir að affall af baðlónum verði látið renna niður yfirfallslón sem eru eingöngu fyrir sjónræna upplifun baðgesta. Frá neðsta yfirfallslóni er yfirfallsvatni safnað saman í brunn og frá brunninum liggur lögn að dæluhúsi þar sem vatnið er síað í yfirfallssíu og síðan er hreinsuðu affallsvatni veitt í niðurrennslisholur. Með því að veita vatni aftur niður í niðurrennslisholur er reynt að stuðla að endurnýjun vatnsforðans, dregið úr mögulegum niðurdrætti á vatnsstöðu sem hefur í för með sér aukna sjálfbærni vatnsbúskapar svæðisins.

Í greinargerð Rauðukamba er að öðru leyti ítarleg lýsing á uppbyggingaráformum fyrirtækisins í Reykholti.

4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Rauðukamba og umsögnum umsagnaraðila.



Landslag og ásýnd - Verndarsvæði - Jarðmyndanir

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að í janúar 2020 hafi svæði í Þjórsárdal verið friðlýst landslagsverndarsvæði, sbr. lög um náttúruvernd og hafi Umhverfisstofnun umsjón með verndarsvæðinu. Verndunin nái til sérstæðra jarðmyndana, landslagsheilda, lífríkis, fossa, vatnsfarvega og menningarlegs gildis svæðisins.

Fram kemur að öll mannvirkjagerð á lítt röskuðu svæði geti haft neikvæð áhrif á jarðmyndanir og landslag en áhrifin séu háð útfærslu og mikilvægt sé að halda öllu raski í lágmarki og að ekki verði rask utan skilgreinds byggingarreits. Með hönnun verði leitast við að fella byggingar inn í landið og fylgja hæðarlínum til að þær falli vel að svipmóti landsins eins og það er í dag. Einnig verði vikur og önnur laus jarðefni sem fyrir eru á svæðinu nýtt til að fella byggingar að landslagi og litum svæðisins og draga þannig úr sjónrænum áhrifum. Ennfremur verður leitast við að nýta staðargróður eftir því sem kostur er. Framkvæmdaraðili telur að ásýndaráhrif verði minni með lægri byggingum þar sem eingöngu er reiknað með þremur stöllum í sneiðingu í stað fimm auk þess sem stærra hlutfall bygginga verði grafið inn í fjallið.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að stofnunin hafi ekki áður veitt umsögn um matsskyldu framkvæmdarinnar og þó nokkrar breytingar hafi orðið á áformunum síðan upphaflega tilkynningin og ákvörðun Skipulagsstofnunar lá fyrir. Byggingarmagn hafir aukist og áætlað baðlón stækki mikið eða um 500 m² sem sé um tvöföldun miðað við fyrri áform. Með þessum breytingum á framkvæmdinni sé nokkuð öruggt að rask muni aukast í heildina. Þá hafi sú forsendubreyting orðið síðan framkvæmdin var fyrst tilkynnt að áætlað framkvæmdasvæði sé nú staðsett innan marka svæðis sem hafi verið friðlýst vegna landslagsverndar. Afstaða Náttúrufræðistofnunar er sú að framkvæmdin í eðli sínu samræmist markmiðum verndarsvæðisins ekki að öllu leyti vegna þess að hún mun valda óafturkræfu raski á jarðminjum og breyti náttúrulegu landslagi en það almennt séð stangist á við hlutverk landslagsverndarsvæða.

Í svörum Rauðukamba kemur fram að unnið hafi verið að friðlýsingu svæðisins þegar fyrra deiliskipulag var samþykkt og Skipulagsstofnun hafi vísað til þeirra áforma í ákvörðun um matsskyldu árið 2019. Heimild fyrir uppbyggingu mannvirkja í Rauðukömbum í tengslum við ferðaþjónustu á grundvelli samþykks deiliskipulags er til staðar í friðlýsingarskilmálum og því á yfirlýsing um að áhrif samræmist ekki friðlýsingarskilmálum ekki við. Kort í viðauka auglýsingar um friðlýsinguna sýni afmörkun deiliskipulagðra svæða þar sem uppbygging er heimil.

Vatnsbúskapur

Í greinargerð Rauðukamba kemur fram að framkvæmdin geri ráð fyrir tveggja þrepa hreinsistöð fyrir fráveitu/affallsvatn, auk þess sem frárennslið verði leitt til frekari hreinsunar í siturbeði. Eftir hreinsun affallsvatns og vatns úr húsakerfum er stærstum hluta þess dælt niður í jarðlög til að viðhalda eðlilegum vatnabúskap á svæðinu. Í fyrra ferli var ætlunin að hluta affallsvatns yrði dælt í læk sem rennur úr vestanverðum Rauðukömbum en nú er hins vegar ætlunin að allt affallsvatn úr baðlóni verði leitt niður nokkur yfirfallslón og safnað saman í neðsta lóninu og því síðan dælt frá yfirfallssíu í niðurrennslisholu, þaðan sem það fari í neðri jarðlög, í stað þess að veita vatninu í núverandi læk. Að mati Rauðukamba verði áhrif fráveitu á vatnsgæði óveruleg.

Eins og kom fram hér að framan hafi sú breyting orðið frá fyrri áformum að í stað þess að að nýta afrennsli jarðhitavatns, sem áður var nýtt fyrir Þjórsárlaus, hafi verið skáborað eftir heitu vatni inn undir núverandi hver. Áætlað er að jarðhitakerfið gæti staðið undir dælingu sem nemur 50-100 l/s og er gert ráð fyrir að upptekt á heitu vatni geti orðið allt að 40 l/s. Áhrif borunar og dælingar á heitu vatni eru talin hafa óveruleg áhrif á vatnsbúskap svæðisins.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að söfnun jarðhitavatns úr borholu sem tengist Rauðukambahveru með skáborun í stað þess að nýta yfirborðsafrennsli úr hvernum sé jákvæð breyting þar sem það á að skila sér í minni upptöku af hveravatni sem og minna raski á



yfirborði hversins. Önnur jákvæð breyting sé að vatni úr yfirfallslónum verði ekki lengur veitt í læk sem renni frá svæðinu heldur dælt í niðurrennslisholu. Nákvæm staðsetning holunnar liggja ekki fyrir.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að ekki liggja fyrir endanleg staðsetning niðurrennslishola en tryggt verði að niðurrennsli muni hvorki hafa áhrif á kaldvatnskerfi né jarðhitakerfið með því að bora niður á allt að 500 m dýpi, þ.e. 300-400 m niður fyrir grunnvatn.

Menningarminjar

Í greinargerð Rauðukamba kemur fram að minjar sem séu innan og í námunda við framkvæmdarsvæði A séu friðlýstar og hafi verið skráðar af Minjastofnun Íslands. Skráning á minjum var gerð á svæðinu á deiliskipulagsstigi. Með framfylgd skilmála sem settir hafi verið í deiliskipulaginu og snúi að varðveislu minja ásamt virku samráði við Minjastofnun Íslands, m.a. við val á staðsetningu framkvæmdarinnar séu áhrif talin lítil eða engin.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands er lögð áhersla á að samráð verði haft við stofnunina um allar framkvæmdir innan friðlýsta svæðisins en Minjastofnun telur að þær breytingar sem orðið hafa á fyrrihuguðum framkvæmdum í Reykholti muni ekki hafa aukin áhrif á fornleifar á svæðinu miðað við þær framkvæmdir sem voru til umfjöllunar í fyrra ferli.

Útivist og ferðamennska

Í greinargerð Rauðukamba kemur fram að fjöldi gesta sem sækja munu hótél og baðstað heim hafi verið áætlaður fram til ársins 2031, sjá töflu 1. Áætlanir byggja á samanburði við aðra baðstaði, þolmörk húsnæðis og annarrar þjónustu, og spár um fjölda ferðamanna í Þjórsárdal. Síðastnefndar upplýsingar byggja á talningu ferðamanna í Þjórsárdal, umferðartalningu Landsvirkjunar og spám um fjölda ferðamanna til Íslands. Þessar tölur hafi verið nýttar til að ákveða stærð bygginga, lóna og bílastæðafjölda.

ÁRTAL	2026	2027	2028	2029	2030	2031
Áætlaður fjöldi baðgesta	45.000	60.500	63.500	67.200	71.500	73.500
Áætlaður fjöldi hótélgesta	13.800	15.800	16.600	17.300	18.000	18.800

Tafla 1. Yfirlit yfir áætlaðan fjölda komugesta til ársins 2031.

Fram kemur að framkvæmdin samræmist markmiðum sem sett séu fram í skipulagi svæðisins (aðalskipulagi, rammaskipulagi og deiliskipulagi) um útivist og ferðaþjónustu á svæðinu. Þau markmið séu m.a. að efla ferðaþjónustu á svæðinu með því að stuðla að því að ferðamenn dvelji lengur á svæðinu, með því að bæta gistimöguleika, draga úr álagi vegna ferðamennsku á viðkvæmum svæðum, með því að bjóða upp á fjölbreytta útivistarmöguleika og stuðla að bættum merkingum til að koma m.a. í veg fyrir utanvegaakstur. Ekki er hægt með vissu að spá fyrir hvaða áhrif bygging hótels og baðstaðar hefur á fjölda ferðamanna í Þjórsárdal, þar sem ekki er vitað hvort um er að ræða ferðamenn sem koma gagngert til að heimsækja hótelið og baðstaðinn eða hvort Reykholt verði viðbótaráningarstaður þeirra sem á annað borð heimsækja dalinn.

Umhverfisstofnun benti í síðari umsögn sinni á að það sem kom fram í fyrri umsögn stofnunarinnar hafi byggst á því að um væri að ræða eina heildstæða framkvæmd, byggingu hótels, baðlóns ásamt útvíkkuðu hlutverki þjónustubyggingar sem áætlað var að með tilkomu hennar, myndu draga margfalt fleiri ferðamenn inn í Þjórsárdal heldur en hótél og baðstaður muni gera. Í frekari umsögn kemur fram að Umhverfisstofnun líti svo á eftir fund með framkvæmdaraðila og sveitarfélaginu að hugmyndir um hlutverk fyrirhugaðrar þjónustumiðstöðvar séu skemmra á veg komnar en áform um fyrirhugað hótél og baðlón. Töluverð óvissa er um áætlaðan gestafjölda og áhrif þjónustumiðstöðvarinnar við Selhöfða á hið friðlýsta svæði. Umhverfisstofnun telur hins vegar að með því að skilja uppbyggingu



Þjónustumiðstöðvar frá uppbyggingu baðlóns og hótels kunni að skapast tækifæri til að útfæra nánar hlutverk þjónustumiðstöðvarinnar og greina betur hversu marga ferðamenn hún kunni að draga að sér, áhrif þeirra á verndargildi Þjórsárdals og innviðþörf á verndarsvæðinu.

5 Skipulag og leyfi

Fyrirhugaðar framkvæmdir í Reykholti eru í samræmi við Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029. Svæði B samkvæmt tilkynningu sem gerði ráð fyrir móttöku gesta við Þjórsárdalsveg, hefur verið fellt út úr aðalskipulagi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda þann 20. júlí 2023.

Framkvæmdir á landslagsverndarsvæðinu eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar að fenginni umsögn Minjastofnunar Íslands.

Þá er framkvæmdin háð byggingarleyfi Skeiða- og Gnúpverjahrepps samkvæmt lögum um mannvirki og eftir atvikum framkvæmdaleyfi samkvæmt skipulagslögum. Einnig starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og lögum um matvæli, reglugerð um hollustuhætti, reglugerð um um baðstaði í náttúrunni, reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

6 Niðurstaða

Um er að ræða breytingar á uppbyggingu hótels og baðlóns í Reykholti í Þjórsárdal. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 12.04 og lið 13.02 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, nýtingu náttúruauðlinda, úrgangsmýndun og mengun, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd og laga um menningarminjar, sbr. 2. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Að endingu ber að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi eðlis og staðsetningar hennar, svo sem með tilliti til: umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa, samlegðaráhrifa með áhrifum annarra framkvæmda og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Eins og kom fram hér að framan er í þessari ákvörðun eingöngu fjallað um þær breytingar sem orðið hafa á framkvæmdum á svæði A frá því sem gert var ráð fyrir og fjallað um í matsskylduferlinu 2018-2019 og tekin afstaða til hugsanlegra áhrifa þessara breytinga á mismunandi umhverfispætti. Þá liggur fyrir að svæði B við Þjórsárdalsveg sem var til umfjöllunar í fyrra ferli og þar sem gert var ráð fyrir bílastæðum og móttökubyggingu fyrir gesti hótels og baðlóns, hefur verið fellt út úr aðalskipulagi og þess í stað gert ráð fyrir þeirri starfsemi á svæði við Selhöfða. Ef ráðist verður í uppbyggingu gestastofu/þjónustumiðstöðvar og annarrar þjónustu, skv. því sem kemur fram hér að framan, fyrir Þjórsárdal við Selhöfða auk breyttrar aðkomu að Reykholti kann sú framkvæmd að vera þess eðlis að hún kalli á málsmeðferð skv. lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Fyrir liggur að þegar ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu uppbyggingarinnar var tekin árið 2019 voru áætlanir um friðlýsingu hluta Þjórsárdals sem landslagsverndarsvæðis langt komnar og urðu þær að veruleika árið eftir. Ljóst er að fyrirhugað framkvæmdasvæði A við



Rauðukamba og svæði B við Þjórsárdalsveg eru innan marka landslagsverndarsvæðisins eins og fyrir lá árið 2019 og tók ákvörðun Skipulagsstofnunar mið af þeirri staðreynd. Náttúrufræðistofnun Íslands hefur í umsögn sinni sett fram það álit að framkvæmdin í eðli sínu samræmist markmiðum verndarsvæðisins ekki að öllu leyti vegna þess að hún mun valda óafturkræfu raski á jarðminjum og breyti náttúrulegu landslagi en slíkt stangist á við hlutverk landslagsverndarsvæða. Í auglýsingu um friðlýsingu virðist hins vegar gert ráð fyrir fyrirhugaðri uppbyggingu á svæðum A og B.

Fyrir liggur að í ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu uppbyggingarinnar árið 2019 var tekin afstaða til talsvert umfangsmikillar uppbyggingar á aðstöðu fyrir ferðamenn. Þar kom m.a. fram að með tilkomu hótels og baðlóns mætti gera ráð fyrir aukinni umferð í Þjórsárdal vegna fleiri ferðamanna og auknu álagi á dalinn vegna fjölda þeirra ferðamanna sem sækja munu hótelið heim. Skv. framlögðum gögnum Rauðukamba er ekki gert ráð fyrir auknum fjölda ferðamanna í gistingu og baðlón þrátt fyrir stækkun miðað við þær áætlanir sem lágu fyrir í fyrra ferli árið 2019. Lögð var áhersla á í ákvörðuninni á aðgerðir sem framkvæmdaraðili lagði fram til að draga úr álagi og hafa ekki orðið breytingar á þeim áætlunum Rauðukamba við fyrirhugaða stækkun.

Ljóst er að ný áform gera ráð fyrir nokkurri stækkun bygginga og öðru fyrirkomulagi þeirra auk helmings stækkunar baðlóna. Þá er gert ráð fyrir breyttu fyrirkomulagi við frárennsli úr baðlóni og við öflun heits vatns sem Skipulagsstofnun tekur undir með Náttúrufræðistofnun og telur það fyrirkomulag jákvætt miðað við fyrri áform. Skipulagsstofnun telur að m.t.t. til áhrifa á ásýnd og jarðmyndanir muni ekki verða um að ræða neikvæðari áhrif á þessa umhverfisþætti en stofnunin gerði ráð fyrir í fyrri ákvörðun sinni þó að umfang rasks verði heldur meira. Eftir sem áður munu umhverfisáhrif fyrirhugaðra framkvæmda við uppbyggingu ferðaþjónustu í Reykholti felast fyrst og fremst í ásýndarbreytingum og raski á að mestu óröskuðu svæði og hugsanlegum áhrifum á friðlýst svæði bæði vegna framkvæmda og álags vegna ágangs gesta á svæðinu. Með þeim aðgerðum sem miða að stýringu á aðgengi ferðamanna og sem lúta að verklagi og frágangi sem framkvæmdaraðili hyggst viðhafa og eru þær sömu og raktar voru í ákvörðun um matsskyldu í fyrra ferli, telur Skipulagsstofnun að draga megi úr neikvæðum áhrifum framkvæmdanna, bæði á framkvæmdar- og rekstartíma.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 5. september 2023.

Reykjavík, 1. ágúst 2023

Jakob Gunnarsson

Sigurður Ásbjörnsson